

# G J A L D S K R Á

## Fyrir félagslega heimaþjónustu í Fjarðabyggð skv. heimild í 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 Gildir frá 1.1.2015

Þjónustupegar greiða fyrir aðstoð við almenn heimilisstörf, heimsendingu matar og akstur. Önnur þjónusta er gjaldfrjáls.

### Aðstoð við almenn heimilisstörf

Gjald fyrir félagslega heimaþjónustu er **1.100 krónur** fyrir hvern unnin tíma. Aldrei er þó innheimt fyrir meira en tveggja tíma aðstoð við heimilisþrif vikulega. Þjónusta umfram það er gjaldfrjáls.

### Heimsendur matur

Hver skammtur kostar **810 krónur**.

### Akstur á vegum heimaþjónustu

Þjónustupegi greiðir **117 krónur fyrir hvern kílómetra** sem starfsmaður ekur með eða fyrir þjónustupega. Gjaldið er í samræmi við ákvarðanir Ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytis og tekur breytingum í samræmi við ákvarðanir nefndarinnar.

### Innheimta

Greiðsluseðlar fyrir ofangreinda þjónustu eru sendir þjónustupegum mánaðarlega.

### Niðurfelling gjalds fyrir aðstoð við almenn heimilisþrif

Þeir sem eingöngu hafa tekjur frá Tryggingastofnun, þ.e. lífeyri, tekjutryggingu, tekjutryggingarauka og heimilissuppbót eða tekjur sem samsvara þeirri fjárhæð, eiga rétt á að sækja um *niðurfellingu á gjaldi*. Viðmiðunarupphæðir taka breytingum í samræmi við breytingar á bótum almannatrygginga. Undanþága frá gjaldi gildir hvorki fyrir heimsendingu matar né akstur. Sótt er um niðurfellingu gjalda á sérstökum eyðublöðum sem m.a. má nálgast á heimasíðu Fjarðabyggðar [www.fjardabyggs.is](http://www.fjardabyggs.is) eða í þjónustugáttum bókasafna. Árlega er kallað eftir endurnýjun umsókna um niðurfellingu gjalds og tekjupplýsingum. Kjósi þjónustupegar af einhverjum ástæðum að skila ekki inn umsókn og tekjupplýsingum fyrir tilskilinn tíma greiða þeir fullt gjald.

### Tekjumark fyrir árið 2015

Við ákvörðun tekjumarka fyrir árið 2015 er miðað við hámark TR í janúar 2015.

### Málskot

Heimilt er að skjóta ákvörðun um synjun á niðurfellingu gjalds fyrir heimaþjónustu til Úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Skal það gert skriflega og innan fjögurra vikna frá því notanda var kunnugt um ákvörðun nefndar.

Fjarðabyggð 5. desember 2014

  
Páll Björgvin Guðmundsson

Samþykkt í félagsmálanefnd 6. október 2014

Samþykkt í bæjarráði 20. október 2014

Samþykkt í bæjarstjórn 30. október 2014